

- 135 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð G. Aubertin“,
1. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð G. Aubertin.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf G. Aubertin, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 5860.88.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli og til að styrkja þurfandi sjúklinga, er þeir útskrifast af hælínu.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist $\frac{1}{4}$ hluti vaxta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisins, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningur sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.